

# Breyting á Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 vegna almannavarnalagnar NSL4 – Viðbrögð við athugasemdum á auglýsingartíma (Drög)

Breyting á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagningar nýrrar almannavarnalagnar NSL4 var auglýst á tímabilinu X-Y 2026.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi umsagnaraðilum:

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
- Samgöngustofa
- Umhverfis- og orkustofnun (UOS)
- Vegagerðin
- Landsnet
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Hafrannsóknarstofnun

Umsagnirnar voru ekki þess eðlis að þörf væri á breytingum á skipulagsgögnum.

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
HMS	HMS bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi máls.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.

Samgöngustofa	<p>Rétt er að benda á að samkvæmt lögum nr. 132/1999 um vitamál skal, til að tryggja öryggi siglinga, áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar aflla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra.</p> <p>Úr 10 gr.:</p> <p>„Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar aflla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili mun sækja um heimild fyrir lagningu vatnslagnarinnar til Samgöngustofu í samræmi við lög og reglugerðir.</p> <p>Samráð verður haft við Vegagerðina um þörf á gerð áhættumats siglinga og einnig um gerð og staðsetningu leiðarmerkja.</p>
Umhverfis- og orkustofnun (UOS)	<p>Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsagnar sem stofnunin veitti um framkvæmdina þegar hún var tilkynnt til Skipulagsstofnunar með fyrirspurn varðandi umhverfismat. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna.</p>	<p>Framkvæmdaraðili mun sækja um heimild fyrir lagningu vatnslagnarinnar í samræmi við upptalin lög og reglugerð. Unnið hefur verið áhrifamat á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar UOS.</p>
Vegagerðin	<p>Í skipulagstillögu er ekki gerð sérstök grein fyrir áhrifum framkvæmdar á siglingar, siglingaleiðir eða önnur öryggissjónarmið á sjó.</p> <p>Vegagerðin telur mikilvægt að þessi atriði séu tekin skýrt fram í framhaldi skipulagsvinnu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Greina með hvaða hætti framkvæmdin geti haft áhrif á siglingaöryggi.</li> <li>- Tryggja merkingar framkvæmdarsvæðis á sjó, skráningar legu vatnslagna í sjókort og að framkvæmdir á sjó séu tilkynntar til sjófarenda.</li> </ul>	<p>Samráð verður haft við Vegagerðina um þörf á gerð áhættumats siglinga og einnig um gerð og staðsetningu leiðarmerkja.</p>
Landsnet	<p>Landsnet veitti umsögn dag. 19.janúar 2026 um skipulagslýsingu skipulagstillögunnar. Þar var m.a. vakin athygli á helgunarsvæði og umgengni kringum háspennustrengi Landsnets og liggja innan skipulagsvæðisins.</p> <p>Í auglýstri greinargerð skipulagstillögu kemur fram í kafla 5.2.3 að framkvæmdaraðila vatnsveitu sé skylt að eiga samráð við eigendur og rekstraraðila annarra innviða, t.d. sæstrengja, einkum vegna þverunar.</p>	<p>Áframhaldandi samráð verður haft við Landsnet í aðdraganda framkvæmdarinnar.</p>

	<p>Slíkt samráð er hafið og nú er unnið að gerð þverunarsamnings milli framkvæmdaraðila og Landsnets, sem snýr að þverun vatnslagnarinnar á hápsennustrengjum Landsnets. Landsnets gerir því ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna og væntir áframhaldandi samstarfs við þá aðila sem vinna að undirbúningi og síðar framkvæmd við vatnslögnina.</p>	
<p>Náttúruverndarstofnun</p>	<p>Að mati Náttúruverndarstofnunar er því ekki tilefni til að gera efnislegar athugasemdir við tillöguna, enda verði framkvæmdasvæðið afmarkað með skýrum hætti, rask takmarkað við þegar röskuð svæði og frágangur þannig að náttúrulegt yfirborð fjöru og aðliggjandi svæða verði fært sem næst fyrra horfi að framkvæmd lokinni. Stofnunin bendir hins vegar á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p>	<p>Eins og fram kemur er framkvæmdasvæðið afmarkað með skýrum hætti. Undirbúningur að umsókn framkvæmdaleyfis er þegar langt komin og er í samræmi við afmarkað framkvæmdasvæði.</p>

	Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufræðistofnun sem verða fyrir röskun.	
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	Umsögnin kallar ekki á viðbrögð.
Hafrannsóknarstofnun	Hafrannsóknastofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna eða fyrirhugaðar framkvæmdir við lagningu lagnar NSL4. Stofnunin bendir þó á að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er sveitarfélögum skylt að láta vinna áhrifamat fyrir vatnshlot ef framkvæmdir eða starfsemi kunna að hafa áhrif á vatn. Áhrifamat þarf að vinna áður en leyfi er veitt til viðkomandi starfsemi eða framkvæmda. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út leiðbeiningar um gerð áhrifamats og má nálgast þær á vefsíðu stofnunarinnar.	<p>Í minnisblaði sem Verkís vann vegna framkvæmdarinnar fyrir Vestmannaeyjabæ dags. 12.3.2026 kemur er unnið áhrifamat lagningar og reksturs vatnslagnarinnar á vatnshlot. Niðurstaða greiningarinnar er eftirfarandi.</p> <p><i>„Hvorki framkvæmdir við lagningu neðansjávarvatnsléiðslunnar né rekstur hennar eru talin líkleg til að valda teljandi álagi á viðkomandi vatnshlot. Við lagningu og landtöku léiðslunnar beggja vegna Eyjasunds má þó búast við staðbundnu og tímabundnu raski, einkum í formi gruggmyndunar og röskunar á botnseti og lífríki á því svæði sem lendir undir lögninni.</i></p> <p><i>Áhrif framkvæmdarinnar verða bæði staðbundin og skammvinn og takmarkast við lítið svæði innan vatnshlotanna. Að teknu tilliti til eðlis framkvæmdarinnar og umfangs hennar eru áhrifin því metin engin til lítilsháttar.</i></p> <p><i>Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á grunnvatnshlotin Landeyjar (103-252-G) og Eldfell (103-242-G), þar sem vatnsléiðslan mun að mestu liggja ofan grunnvatnsborðs við landtöku beggja vegna Eyjasunds. Stærð og gerð léiðslunnar eru jafnframt þess eðlis að hún er ekki talin hafa áhrif á grunnvatnsrennsli eða strauma. Þá er ekki gert ráð fyrir losun efna frá</i></p>

		<p><i>leiðslunni sem gætu haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatns. Með hliðsjón af framangreindu eru taldar hverfandi líkur á að framkvæmdin hafi áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins. Lagning vatnsleiðslunnar yfir Eyjasund er því ekki talin leiða til rýrnunar á vistfræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins né hafa áhrif á flokkun þess samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“</i></p>
--	--	---